



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Vinagarður

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat	5
2.1 Greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið 2019-2020	5
2.1.1 Innra mat Uglugarðs	6
2.2 Greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið 2019-2020	7
2.2.1 Innra mat Grísagarðs	9
2.3 Greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið 2019-2020	11
2.3.1 Innra mat Kópagarðs	12
2.4 Greinargerð deildarstjóra Lambagarðs um starfið 2019-2020	15
2.4.1 Innra mat Lambagarðs	16
2.5 Greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið 2019-2020	17
2.5.1 Innra mat Ungagarðs	18
3 Ytra mat	20
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	20
4.1 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
4.2 Umbótaáætlun sérkennslustjóra	22
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	25
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
7 Foreldrasamvinna	26
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
9 Fylgigögn	27
9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27



Leiðarljós leikskólans:

Gildi leikskólans Vinagarðs eru: Trú, von og kærleikur!

Þegar við tölum um trú er verið að meina að þetta sé kristilegur leikskóli þar sem að trúin er í hávegum höfð og við keppumst við að kenna börnunum kristileg gildi, bænir, söngva og fleira.

Vonin er samofin trúnni og án vonarinnar virkar trúin takmarkað og svo öfugt, án trúarinnar virkar vonin takmarkað og við leitumst við að kenna börnunum það.

Við keppumst einnig við að kenna börnunum um kærleikann, hversu mikilvægur hann er í öllum okkar samböndum, bæði vinasamböndum og við Guð og að þau komi fram við sig og aðra af kærleika.°



1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar horft er til baka yfir liðið starfsár er efst í huga fordæmalausar aðstæður í þjóðfélaginu aðstæður sem engan gat grunað að við þyrftum nokkurn tíman að takast á við. Aðstæður sem hafa endalaust reynt á útsjónarsemi og þrautsegu stjórnenda og annarra starfsmanna.

Starfsárið 2019 – 2020 hófst með hefðbundnum hætti og tókst okkur á undraverðan hátt og lausnamiðuðu starfsfólki að halda sem mest hefðbundnu starf út starfsárið. Lítilsháttar breytingar urðu hjá elsta hópnum á leikskólanum hvað vettvangsferðir varðaði. Við bættum lítilsháttar í útinámið þar sem það hentaði einkar vel í COVID faraldinum.

Mikið er ég er stolt af starfshópnum á Vinagarði hvernig tekist var á við þessar aðstæður í leikskólanum. Undir sterkri stjórn þríeykisins og starfsfólks Skóla- og fístudasviðs tókst okkur einstaklega vel með allt skipulag og vinnu á leikskólanum. Við fengum frábærar leiðbeiningar frá þessu fólki, fyrir það er ég sérstaklega þakklát. Velliðan barnanna, foreldra og starfsfólks leikskólans var haft að leiðarljósi. Það eru forréttindi að hafa fengið að taka þátt í lífi barnanna og hlú að þeim í þessum erfiðu aðstæðum sem hafa verið í samfélaginu stóran hluta af árinu og stóran hluta af lífi yngstu barnanna á leikskólanum. Langt er í land að við sjáum fyrir endann á þessu verkefni og trúlegt að afleiðingar eigi eftir að hafa langvarandi áhrif á líðan margra barnanna.

Seigla, velliðan og framfari barnanna er það sem skiptir mestu máli og gefur starfi okkar leikskólastarfsfólks gildi.

Miklar endurbætur voru unnar á andyri og fataherbergi á Uglugarði. Veggir fjarlægðir, gólfið flotað og nýr gólfdukur lagður, málað og ný fatahólf fyrir börnin sett upp. Kerfisloft var sett upp og árangurinn varðandi hljóðvist er ótrúlega góður. Það var mikið gæfuspor þegar við fengum Eflu verkfræðistofu til samstarfs við okkur um að mæla hljóðvist á leikskólanum og koma með úrlausnir í framhaldi af niðurstöðum mælinganna.

Sigrún Ásta Kristinsdóttir (Dadda) lét af störfum í lok skólaársins eftir 33 ára farsælt starf í Vinagarði. Döddu er sárt saknað af börnum, foreldrum, samstarfsfólki og ekki síst vinum okkar í Fríðuhúsi. Dadda hefur heimsótt Fríðuhús (dagvist fyrir minnissjúka) mánaðarlega með 5 ára börnum leikskólans síðustu 18 ár og stjórnað söng barnanna og verið með sögustundir með heimilisfólki.



2 Innra mat

2.1 Greinargerð deildarstjóra Uglugarðs um starfið 2019-2020

Á Uglugarði höfum við haft lýðræði að leiðarljósi í vinnu með börnunum. Við vorum með þemavikur þar sem við unnum með þemað á hverjum degi í nokkrar vikur. Moldin var þemað þetta árið og komu börnin með hugmyndir um hvernig þau vildu vinna með moldina. Fyrir áramót settum við upp þrjár vinnustöðvar út frá hugmyndum barnanna og fóru börnin á allar stöðvarnar. Stöðvarnar voru listsköpun með moldina, stærðfræði í moldinni og að rannsaka og skoða dýrin í moldinni.

Í þemavinnunni eftir áramót unnu börnin að útskriftaverkefni og var þeim skipt í tvo hópa eftir áhuga-sviði. Annar hópurinn valdi að gera brúðuleikhús en þau bjuggu til leikbrúður og sömdu sögu um moldina. Hinn hópurinn valdi að gera leikrit. Þau bjuggu til búninga og sömdu einnig sögu um moldina. Við útskriftarathöfnina í vor munu börnin sýna foreldrum sínum afraksturinn.

Við unnum með orðin vinalegur, hjálplegur og ráðagóður. Orðin kenndu börnunum að vera vinalegri hvert við annað og finna gleðina í því að hjálpa hverju öðru. Einnig fundu þau leiðir til að leysa úr deilum með því að vera ráðagóð.

Í vinnustundum var lögð áhersla á að byggja ofan á hljóðainnlögnina á yngri deildum. Lögð var áhersla á að tengja saman hljóðin. Notast var við málörvunarverkefnið *Lubbi finnur málbein*. Samhliða því var unnið að ýmsum verkefnum sem styrkja hljóð- og málvitund barnanna. Einnig var rík áhersla lögð á að vinna með talnaskilning og hugtök tengd stærðfræði. Vinnustundirnar voru ýmist inni eða í útinámi. Frjálsi leikurinn fékk líka mikið vægi í starfinu hjá okkur í vetur. Í útiverunni voru börnin á svæði fyrir utan leikskólalóðina en þar gátu þau leikið sér í náttúrunni og í trjánum. Svæðið ýtir undir sjálfsprottinn leik og að börnin noti eigið hugmyndaflug. Í samverustundum var markvisst unnið með einbeitingu og úthald og að auka orðaforða barnanna.

Í vetur kom tónlistarkennari og var með tónlistarstundir með börnunum. Unnið var með söng, hreyfingu, hlustun, hrynjanda og ýmsa hljóðgjafa. Einnig voru ýmis hljóðfæri kynnt fyrir börnunum. Stundirnar voru tvisvar í viku. Danskennari kom og var með danskennslu einu sinni í viku. Þar var unnið með takt, grunnspor og að fylgja fyrirmælum kennarans. Um jólin fórum við í heimsókn í

Börnin á Uglugarði voru spurð hvaða Lubbaverkefni þeim þætti skemmtilegust:

- Hoppa á málbeinum, mynda hljóðið og gera táknið
- Lubbi í útikennslu
- Lesa Lubbasögur
- Tengja saman málhljóðin



Áskirkju. Á föstudögum var val þar sem börnin gátu valið að fara á milli deilda eða í útinám. Einnig var söngstund með öllum deildum leikskólans á föstudags eftirmiðdögum í vetur.

2.1.1 Innra mat Uglugarðs

Við settum okkur það markmið að vinna með málörvunar-efnið *Lubbi finnur málbein*. Áhersla var lögð á að byggja ofan á hljóðainnlögnina af yngri deildunum.

Við byrjuðum á því að rifja upp bókstafina, hljóðin, söngvana og tákinn. Síðan var unnið með að tengja hljóðin saman. Notast var við ýmis verkefni og hljóðasmiðju Lubba. Börnunum fannst þetta skemmtileg vinna og voru framfarirnar miklar hjá þeim öllum.

Við stefnum á að halda áfram vinnunni með Lubba og málhljóðin og leggjum áherslu á að tengja saman málhljóðin. Gaman væri að hafa verkefnin fjölbreyttari og koma með nýjar hugmyndir að öðrum verkefnum.

Veturinn 2020-2021 höfum við hugsað okkur að meta þemavinnuna hjá okkur og þá sérstaklega hvernig hún fer fram, hversu oft og þess háttar.

Börnin á Uglugarði voru spurð hvað þau höfðu lært um Lubbahljóðin í vetur:

- Tengja hljóðin saman
- Læra um hljóðin
- Tengja saman hljóðin L og O
- S-hljóðið
- Gaman að tengja S og O

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að byggja ofan á stafainnlögnina á yngri deildum. Lögð var áhersla á að tengja saman málhljóðin.	Unnum með Lubba í vinnustundum, í samverustundum og í útinámi.	Deildastjóri bar ábyrgð. Deildastjóri sá um vinnustundirnar. Allt starfsfólk deildarinnar vann með Lubba í útináminu og í	Við byrjuðum m vinnuna í september.	Unnum með Lubba út maí.	Könnuðum færni barnanna í vinnustund og lögðum spurningalista fyrir börnin.	Að börnin geti tengt tvö málhljóð saman



			Samverustund um.				
Niðurstöður	Markmið náðist.	Það gekk vel að hafa stundirnar.				Börnin voru farin að geta tengt saman tvö eða fleirri málhljóð í lok vetrar	

2.2 Greinargerð deildarstjóra Grísagarðs um starfið 2019-2020

Á Grísagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika, góðvild og vináttu. Út frá þessum áherslum í samskiptum veltum við fyrir okkur vináttu, hvernig vinur börnin vilja vera og hvernig vini þau vilji velja sér. Út frá þessum umræðum bjuggu þau til vináttutré saman. Hvert barn gerði svo sitt laubblað á tréð og það var sjálfsmynd af þeim með texta um hvað þeim finnst vinátta vera, eða hvernig vin þau vilja eiga eða vera.

Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálsan leik. Þemaverkefnið okkar var um moldina en við veltum til dæmis fyrir okkur hverjir búa í moldinni. Við fórum í vettvangsferðir um haustið til að rannsaka og skoða moldina út frá okkar augum. Síðan völdum við okkur eitt tré til að fylgjast með, til dæmis hvernig það breyttist frá haustinu fram til sumarsins til þess að læra um árstíðirnar.

Út frá þessum fönnduðum við ýmis konar lífverur sem lifa í moldinni og sömdum sögur og ljóð um hana.

Á hverjum morgni voru kristilegar stundir hjá okkur, við fórum með bænir, hlustuðum á sögur af Jesú og fengum ávexti. Við lærðum líka kristilega söngva og minnisvers. Kristný djákni í Áskirkju kom einu sinni í mánuði fyrir jólin og við fórum í heimsókn í Áskirkju fyrir jólin. Vegna samkomubanns var þetta starf sett til hliðar á vorönninni.

Börn á Grísagarði voru spurð hvað þau lærðu í vetur:

- Lærði stafina
- Að vera góður
- Skrifa nafnið mitt
- Ríma
- Um moldina
- Að maður á ekki að sleikja kringum munninn

Í málörvun lærðum við íslensku málhljóðin með því að lesa og læra úr bókinni *Lubbi finnur málbein*. Allir hafa haft gagn og gaman af þessu. Við leikum okkur með hljóðin og lærum þannig hljóð og tákn stafanna og syngjum vísurnar hástöfum. Við fórum markvisst í málörvun þar sem unnið var með rím og orðaleiki, setja saman orð og margt fleira. Sú nýbreyttni var hjá okkur í vetur að við sendum Lubba heim með börnunum yfir helgi með hljóð vikunnar. Þau fóru með Lubba með sér í ýmsar ferðir og fengu foreldra sína til þess að skrifa smá frásögn um það sem þau gerðu. Einnig æfðu þau sig heima að finna orð með því hlóði sem þau fóru með heim og skrifuðu það niður. Þegar börnin komu svo í skólann á mánudag fengu þau að segja frá því sem þau gerðu um helgina. Á vorönninni settum við af stað lestrarátak með Lubba. Þar voru allir foreldrar hvattir til þess að lesa fyrir börnin á hverjum degi til þess að efla orðaforða og miðla fróðleik. Til þess að hvetja börnin og foreldrana áfram fengu allir Lubbabein með sér heim og þar gátu foreldranir skrifað niður hvaða bók var lesin og nafn barnsins. Þegar beinin komu til baka í leikskólann var búið til beinafjall með öllum beinunum sem börnin skiluðu inn í skólann.

Börnin á Grísagarði voru spurð hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum:

- Teikna, leira og leika í dýrunum
- Fara í smellikubbana

Tónlistarkennari kom til okkar einu sinni í viku og var hún með skipulagða tónlistarkennslu. Þar fengu börnin fræðslu og þjálfun í tónlist, söng, hreyfingu og æfðu hrynjanda. Einnig fengu þau að prufa ýmis hljóðfæri. Danskennari kom til okkar einu sinni í viku. Við vorum svo heppin í vetur að við gátum farið í TBR einu sinni í viku, þar lékum við meðal annars með bolta, hlupum um og fórum í gegnum þrautabrautir. Á föstudögum var sameiginlegt val á leikskólanum þar sem börnin fengu að velja hvort þau færu út að ganga eða heimsækja aðrar deildir leikskólans. Við enduðum svo vikuna á sameiginlegri söngstund sem allar deildir leikskólans komu saman og sungu.

Börnin á Grísagarði voru spurð hvað þeim þætti erfiðast við Lubbastundirnar:

- Skrifa
- Finna orð sem byrja á
- Erfitt að syngja Lubbalög

Útimán var einu sinni í viku og var þá nánasta umhverfi leikskólans nýtt. Farið var í gönguferðir um umhverfið til þess að kynnast því. Við notuðum gönguferðirnar til dæmis til þess að læra að þekkja form (hringlaga, þríhryninga og ferninga) sem við sáum á göngunni, einnig stoppuðum við og fórum í leiki eða unnum að því að telja en þá fundum við steina og greinar til þess að telja. Svo bjuggum við stundum til hópa með fimm krökkum, fjórum krökkum og þremur krökkum. Ýmsilegt var sett í tölulegt samhengi og svo gerðum við stafina okkar.

2.2.1 Innra mat Grísagarðs

Við settum okkur það markmið að vinna markvissara með málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Lögð var áhersla á að börnin læri að þekkja málhljóðin, öðlist leikni í notkun Lubbatáknanna og átti sig betur á tengslum málhljóða og viðkomandi bókstafa.

Einnig vildum við nýta hljóðasmiðju og annað Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt.

Í byrjun vikunnar var kynnt nýtt málhljóð. Málhljóðið var sett á hurðina á deildinni og virtist það kveikja áhuga barnanna. Þau ræddu um hljóðið við foreldra sína eða við kennarana þegar þau komu inn á deildina. Hljóðið var svo kynnt í ávaxtastund þar sem það var kennt og sungið fyrir þau og svo með þeim þegar þau lærðu viðkomandi lag. Einnig var kaflinn um málhljóðið lesinn fyrir þau og börnunum sýnt á landakorti hvar Lubbi var staddur hverju sinni.

Lubbahringekja var einu sinni í viku og var unnið með þau hljóð sem búið var að læra. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa og settar voru upp þrjár stöðvar. Á einni stöðinni voru sungin lög með hljóðunum, á annari farið í Lubbalottó og á þriðju stöðinni var farið í flöskustút. Í ávaxtastundum alla vikuna var svo farið yfir hljóðin og lagið sungið fyrir viðkomandi hljóð.

Bryddað var upp á tveimur nýjungum. Önnur var þannig að það var búinn til Lubbabakpoki. Í pokanum var dagbók og lítill Lubbi, einnig var bein með hljóði vikunnar sett í pokann. Pokann fengu börnin að taka með sér heim yfir helgi og máttu þau taka Lubba með sér í þau ævintýri sem helgin bauð upp á. Í dagbókina gátu þau skráð, með hjálp mömmu og pabba það sem þau voru að gera og fengið þau líka til þess að skrá þau orð sem þau gátu fundið sem byrjaði á hljóði vikunnar. Hin nýjungin var tekin upp í lok vorannar og var það heimalestrarátak. Foreldara barnanna voru hvattir til að lesa fyrir þau en hvert barn var sent heim með óútfyllt málbein. Á málbeinið átti að skrifa heiti bókar sem var lesin og nafn barnsins. Beinunum átti svo að skila í leikskólann og þeim var safnað saman í beinafjall. Þessar tvær nýjunugar hittu beint í mark. Allir voru mjög spenntir fyrir því að fara með Lubba heim, og svo að segja frá því hvað þau höfðu verið að bralla um helgina með honum. Lestrarátakið stóð yfir í eina viku og voru allir, bæði börn og foreldrar mjög spenntir fyrir því. Börnin voru mjög áhugasöm og satt best að segja fór söfnunin fram úr björtustu vonum kennaranna. Allir tóku þátt og við söfnuðum svo mörgum beinum að fjallið okkar varð ansi stórt.

Við teljum að markmiðunum hafi verið náð.

Börnin á Grísagarði voru spurð
hvað þau höfðu lært í
Lubbastundum í vetur:

- Skrifa
- Stafina
- Hljóðin
- Táknin
- Finna stafi í orðinu
- Syngja um stafina



Veturinn 2020-2021 höfum við hugsað okkur að meta þemavinnuna hjá okkur og þá sérstaklega hvernig hún fer fram, hversu oft og þess háttar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja mál-hljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba-táknanna og átti sig betur á tengslum mál-hljóða og viðkomandi bókstafa. Að nýta hljóðasmiðju og annað Lubba-efni betur og á fjöl-	Skipulagðar málörvunarstundir byggðar á efniinu 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd en aðrir deildarstarfsmenn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi.	Í september	Í lok apríl	Könnun. Athugum hvað þau kunna. Hljóð/tákn, söngva og orð.	Að flest (3 til 4 ára) börn kunni hljóðin, táknin og vísurnar. 4 ára geta einnig fundið 2 til 3 orð sem byrja á hljóðinu.



	breyttari hátt.						
Niðurstöður	Markmiðinu var náð	Það tókst að hafa stund einu sinni í viku			Tímaáætlun stóðst	Börnin voru spurð út í tákni, hljóð og orð. Þau sungu lögin	Markmiðinu var náð. Flest (3-4 ára) börnin kunnu hljóðin, tákni og vísunar. Næstum öll 4 ára börnin gátu fundið 2 til 3 orð sem byrja á hljóðinu m.

2.3 Greinargerð deildarstjóra Kópagarðs um starfið 2019-2020

Á Kópagarði höfum við lagt áherslu á góð samskipti, kærleika, góðvild og vináttu. Einnig höfum við lagt upp með sjálfstæði barna, sjálfshjálp og frjálsan leik. Þema haustsins var moldin en þetta árið var hópastarfið með svölítið breyttu sniði en áður hefur verið því nú var unnið að þemanu yfir þrjár þemavikur. Annað dagskipulag véc að mestu á meðan. Börnin rannsökuðu moldina, léku í henni, gróðursettu ýmis fræ í mold og sinntu plöntunum sínum þegar á leið. Þau máluðu margvísleg listaverk með mold, föndruðu ýmis konar lífverur sem lifa í moldinni og söfnuðu ormum í ormagryfju sem þau önnuðust svo á deildinni sinni. Þau sömdu sögur um lífið í moldinni og myndskreyttu.

Börn á Kópagarði voru spurð hvað þeim hafi þótt erfiðast í Lubbastund í vetur:

- Að giska rétt (hvaða orð vantar)
- Að finna orð (sem byrjar á hljóðinu)
- Ekkert erfitt

Eftir áramót fóru börnin í svolitla sjálfskoðun. Lesin var sagan um Litlu lirluna ljótu eftir Friðrik Erlingsson og veltu börnin fyrir sér vináttunni, hvernig vinir þeir vilja reynast öðrum og hvernig vini þau vilja eiga að. Þau unnu svo stórt og mikið vinatré út frá þessum vangaveltum. Á laufblöðin festu þau svo sjálfsmyndir sem þau höfðu fendrað og fylgdu vangaveltur þeirra með. Á vorönn var einnig lögð áhersla á umhverfis-
mennt, að börnin lærðu að taka tillit og bera umhyggju fyrir náttúrunni og mynda tengsl við hana. Þetta var svo fléttað inn í útinámið en það fór fram einu sinni í viku og var þá nánasta umhverfi leikskólans nýtt. Börnin fylgdust með

Börnin á Kópagarði voru spurð hvað þau lærðu í Lubbastund í vetur:

- Mörg hljóð
- Um Ísland
- Lubbalögin

gróðri og dýralífi, fóru í leiki og tíndu og flokkuðu rusl. Þau völdu sér tré í Laugardalnum sem þau fylgdust með breytast í gegnum árstíðirnar. Þau gáfu fuglunum að borða, heimsóttu Fjölskyldu- og húsdýragarðinn reglulega og fóru í gönguferðir, m.a. á leiksvæði í nágrenni við leikskólann.

Í málörvun var notast við málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og hljóðasmiðju Lubba. Hægt er að lesa nánar um það starf undir liðnum Innra mat Kópagarðs hér að neðan. Einnig var farið í markvissa málörvun þar sem unnið var með samstöfur, rím, orðaleiki, setja saman orð og margt fleira. Daglega var lesið og sungið með börnunum, bæði í morgunsamveru og síðdegissamveru.

Tónlistarkennari var með skipulagt tónlistarstarf í hverri viku þar sem börnin fengu fræðslu og þjálfun í tónlist, söng, hreyfingu, hlustun, léku sér með fjölbreytta hljóðgjafa og æfðu hrynjanda. Hreyfistund í TBR var einu sinni í viku. Börnin fóru í skipulagða danstíma einu sinni í viku þar sem danskennari kom og kenndi börnunum. Samkomubann setti sitt strik í reikninginn og hefti hluta starfsins á meðan á því stóð. Fram að því fórum við í heimsóknir í Áskirkju og fengum einnig til okkar gesti þaðan. Á föstudögum var sameiginlegt val í leikskólanum þar sem börnin gátu valið að fara á milli deilda eða í útinám. Á föstudögum var einnig sameiginleg söngstund með öllum deildum leikskólans.

Börnin á Kópagarði voru spurð hvað þau langaði að gera í Lubbastund:

- Fá Lubbapoka aftur heim
- Fá Lubba aftur í heimsókn á deildina
- Fá fleiri bréf frá Lubba

2.3.1 Innra mat Kópagarðs

Við settum okkur þau markmið að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Lögð var áhersla á að börnin læri að þekkja málhljóðin,

öðlist leikni í notkun Lubbatáknanna og átti sig betur á tengslum máhljóða og viðkomandi bókstafa. Einnig vildum við nýta hljóðasmiðju og annað Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt.

Fjárhundurinn Lubbi kenndi börnunum íslensku máhljóðin með aðeins öðruvísi sniði en árið á undan. Í ár lagði hann land undir fót og ferðaðist víðsvegar um Ísland. Börnin stóðu í reglulegum bréfaskiptum við hann og var ávallt tilhlökkun í loftinu þegar bréf og nýtt málbein hafði borist í póstkassa deildarinnar. Í byrjun hverrar viku var nýtt máhljóð hengt framan á hurð deildarinnar sem svo var unnið með í Lubbastund vikunnar þegar þar að kom. Þetta virtist kveikja áhuga barnanna sem ýmist hófu umræðu um máhljóðið við foreldra sína í gættinni eða við kennara þegar inn á deild var komið. Bréfin frá Lubba voru lesin og önnur bréf samin í Lubbastundinni og áfangastaðir Lubba merktir inn á

Börnin á Kópagarði voru spurð hvað þeim þætti skemmtilegast í Lubbavinnunni:

- Gaman að fá Lubba heim
- Að veiða Lubbabein
- Að fá póst frá Lubba og senda honum póst
- Að syngja Lubbalög
- Giska hvaða orð vantar (undir teppinu)

Íslandskortið okkar. Einnig sungu börnin tilheyrandi vísu, æfðu tákn og hljóð stafanna, þau komu með hugmyndir að orðum sem byrja á viðkomandi hljóði, endurtóku orð af myndaspjöldum og svo endaði stundin yfirleitt á minnisleik þar sem teppi var lagt yfir myndaspjöldin, eitt þeirra fjarlægt og börnin giskuðu á hvaða mynd (orð) vantaði. Öðru hverju kíkti svo Lubbi í heimsókn til okkar og vakti það mikinn fögnuð. Í hverri viku var farið í svokallaða Lubbahringekju þar sem börnin skiptust á að leika sér með hljóð vikunnar, spiluðu Lubbalottó, fóru í Lubbaflöskustút, unnið var með hljóðasmiðjuna og börnin sungu Lubbalögin í þar til gerðri söngstund.

Útbúinn var svokallaður Lubbapoki sem börnin fengu að taka með sér heim yfir helgi. Í pökanum var að finna lítinn Lubba, dagbók og blað með Lubbahljóði vikunnar, tákn þess og tilheyrandi vísa. Voru börnin hvött til að eiga góðar stundir með Lubba, fá aðstoð foreldra til að skrá og segja frá samverunni í dagbókinni og skrá hugmyndir að orðum sem byrja á viðkomandi hljóði. Í samkomubanni lá þetta verkefni niðri en börnin biðu spennt eftir að það yrði tekið upp aftur.

Í lok vorannar var farið af stað með heimalestrarátak en þá var hvert barn sent heim með óútfyllt málbein og foreldrar kvattir til þess að lesa með barninu sínu, skrá titil bókar og nafn barnsins á málbeinið og skila til kennara. Beinunum var jafnóðum safnað saman í beinafjall sem hækkaði með tímanum og virkaði sem hvatning til heimalesturs.

Við teljum að markmiðinu hafi verið náð. Börnin voru mjög áhugasöm og þegar þau voru spurð fóru flest þeirra rétt með hljóð, tákn og vísur og flest 4 ára börnin áttu gott með að upphugsa orð sem byrja á viðkomandi hljóði.

Veturinn 2020-2021 höfum við hugsað okkur að meta þemavinnuna hjá okkur og þá sérstaklega hvernig hún fer fram, hversu oft og þess háttar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja málhljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba-táknanna og átti sig betur á tengslum málhljóða og viðkomandi bókstafa. Að nýta hljóðasmiðju og annað Lubbaefni betur og á fjölbreyttari hátt	Skipulagðar málörvunar-stundir byggðar á efni 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmd en aðrir deildarstarfsmenn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi	Í september	Í lok apríl	Könnun. Athugum hvað þau kunna. Hljóð/ták, söngva og orð	Að flest (3 til 4 ára) börn kunni hljóðin, táknin og vísurnar. 4 ára geta einnig fundið 2 til 3 orð sem byrja á hljóðinu
Niðurstöður	Markmiði náð	Það tókst að hafa stundirnar í hverri viku			Tímarammi stóðst	Börnin spurð út í hljóð, tákn og orð. Þau sungu lögin	Markmiði náð. Börnin voru mjög áhugasöm og



							flest fóru rétt með hljóð, tákn og vísur
--	--	--	--	--	--	--	---

2.4 Greinargerð deildarstjóra Lambagarðs um starfið 2019-2020

Á Lambagarði starfa tveir starfsmenn og hefur annar þeirra verið allan veturinn en um áramótin urðu skipti þegar annar starfsmaðurinn fór í nám og kom þá nýr starfsmaður inn í staðinn. Ágætur stöðugleiki hefur náðst. Börnunum hefur fjölgað hægt og rólega yfir veturinn og hafa tvö börn farið á eldri deildir leikskólans. Börnin eru orðin 9 á deildinni og eru fædd 2017 og 2018.

Á deildinni hefur verið lögð áhersla á málörvun, sjálfstæði og frjálsan leik. Í málörvun höfum við lagt áherslu á að leggja orð á hlutina sem við erum að gera í daglegu starfi, lesið bækur, sungið lög og farið með vísur og þulur. Einnig hefur verið notast við efni eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur, Lubbi finnur málbein. Fyrir áramót lögðum við áherslu á fyrstu hljóð bókarinnar og vorum samferða öðrum deildum leikskólans en eftir áramótin höfum lagt áherslu á að þau læri sitt hljóð og tákn og unnið með það og tengt það inn í daglegt starf okkar.

Við höfum lagt áherslu á sjálfstæði í vinnu með börnunum, hvatt þau til að klæða sig sjálf úr og í og að þau borði sjálf. Einnig að þau geta hjálpað hvort öðru og hefur því vinátta, kærleikur og góð samskipti leikið lykilhlutverk á deildinni.

Frjáls leikur hefur einnig fengið góðan tíma á deildinni bæði verið úti og inni og reynum við að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag ef veður leyfir en oftast ef veðrið er gott. Við höfum farið í vettvangsferðir út fyrir lóðina og skoðað okkar nánasta umhverfi.

Þema haustannarinnar voru litirnir og lögð var áhersla á að tala um litina í okkar daglega umhverfi og fengu börnin að skapa sín listaverk með þeim litum sem unnið var með hverju sinni og var notaður alls kyns efniviður við það.

Tónlistarstundir hafa verið einu sinni í viku í vetur á mánudagsmorgnum. Þá var hópnum skipt í tvo hópa, 4-5 börn í hóp. Gerður Bolladóttir tónlistarkennari sá um þessar stundir þar sem hún kynnti fyrir

börnum ýmsa hljóðgjafa og leyfði þeim að spreyta sig, einnig var sungið og dansað, farið í leiki og spilað á hljóðfæri fyrir börnin og unnið með hlustun.

2.4.1 Innra mat Lambagarðs

Við settum okkur þau markmið að vinna markvissara með málörvunarefnið Lubbi finnur málbein eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Ákveðið var að hafa skipulagðar Lubbastundir fyrir þennan aldurshóp og sjá hvernig það mundi virka. Lubbi fjárhundur kom í heimsókn í hverri lubbastund og var mikil ánægja með það og voru börnin mjög spennt fyrir honum.

Veturinn 2020-2021 höfum við hugsað okkur að meta þemavinnuna hjá okkur og þá sérstaklega hvernig hún fer fram, hversu oft og þess háttar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Að börnin læri að þekkja mál-hljóðin, öðlist leikni í notkun Lubba-táknanna og séu virkir þátt-takendur	Skipu-lagðar málörvunarstundir byggðar á efninu 1x í viku og það fléttað inn í daglegt starf	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagninu og framkvæmden aðrir deildarstarfsmenn koma einnig að málörvuninni í daglegu starfi	Í september	Í lok apríl	Könnun. Fylgst með virkni og þátttöku barnanna	Að börnin sýni áhuga og séu virkir þátttakerur og tileinkir sér þessa færni í daglegu lífi



Niðurstöður	Flest börn virk og sýndu áhuga	Það tókst að hafa stundirnar í hverri viku fram í lok mars			Tímaram mi stóðst að mestu	Fylgst var með börnunum þegar farið var í Lubbastundir og fylgst með þátttöku þeirra og virkni	Börnin voru mjög áhugasöm og virk. Voru dugleg að syngja lubbalög og sýna tákinn
-------------	--------------------------------	--	--	--	----------------------------	--	--

2.5 Greinargerð deildarstjóra Ungagarðs um starfið 2019-2020

Á Ungagarði hefur verið stöðugleiki í starfsmannamálum en sömu þrír starfsmennirnir hafa starfað á deildinni frá upphafi vetrar. Börnin hafa mest allan tímann verið 13 á deildinni, fædd árin 2017 og 2018, en þeim fjölgaði jafnt og þétt yfir fyrri hluta veturs.

Á deildinni var áhersla lögð á frjálsan leik ásamt því að þau læri sjálfstæði og málörvun hefur einnig farið fram. Við málörvunina hefur verið notast við efni eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur, *Lubbi finnur málbein*. Lögð hefur verið áhersla á neðstu línuna í Hljóðaklettunum, þau hljóð sem eru ætluð tveggja ára börnum og svo að þau læri sitt hljóð og tákn. Einnig var nokkur áhersla á deildinni lögð á útinám, börnin fóru út fyrir leikskólalóðina og lærðu

um nærumhverfið ásamt því að þau fengu að leika sér í öðru umhverfi en manngerða umhverfinu á leikskólalóðinni. Eitt af því sem unnið hefur verið með með börnunum er að þau læri að klæða sig sjálf í og úr og það hefur gengið ágætlega. Einkunnarorð leikskólans eru trú, von og kærleikur svo lögð hefur verið áhersla á að þau tileinki sér það eins vel og hægt er.

Þema haustannarinnar voru litirnir en starfsfólk deildarinnar lagði áherslu á að minnst væri á litina í daglegu tali ásamt því að unnar voru myndir tengdar þemanu. Þá var notaður alls kyns efniviður til þess að nota litina til að stimpla á blað. Þema vorannarinnar var moldin en þá las starfsfólk deildarinnar bókina *Halló Ási ánamaðkur* ásamt því að börnin fræddust um moldina. Einnig var ákveðið á Ungagarði að hafa lítið þema sem tengdist krumma þar sem að þau eru mjög áhugasöm um hann. Lesnar voru bækur og ljóð tengdar því þema og svo fengu börnin að föndra fuglinn.

Börnin á Ungagarði voru spurð hvað þeim þætti gaman að gera í leikskólanum:

- Leika hadna (bendir á sófa)
- Leika hessa (með þetta)
- Ekki hvíla mig

Tónlistastundir hafa farið fram einu sinni í viku í vetur, á mánudagsmorgnum. Þá hefur hópnum yfirleitt verið skipt í tvo hópa, 6-7 börn í hóp, og Gerður Bolladóttir tónlistarkennari, meðal annars sungið með þeim, farið í leiki og spilað fyrir þau. Hún leyfði þeim einnig að prófa að spila á hina ýmsu hljóðgjafa ásamt því að kenna börnunum ýmsar vísur og þess háttar.

Einu sinni í viku, á föstudögum, hafa verið söngstundir þar sem að börn og starfsfólk allra deilda hittast og syngja saman.

2.5.1 Innra mat Ungagarðs

Ákveðið var að meta notkun málörvunarefnisins *Lubbi finnur málbein* eftir þær Eyrúnu Ísold Gísladóttur og Þóru Másdóttur að þessu sinni. Haldnar voru málörvunarstundir einu sinni í viku þar sem að fjárhundurinn Lubbi kom í heimsókn, kenndi börnunum hljóð vikunnar og táknið sem á við það hljóð. Börnunum þótti gaman að fá að knúsa Lubba og leyfa honum að vera hjá sér á stundunum. Einnig var reynt eftir fremsta megni að nota lubbahljóðin í daglegu tali og hvetja börnin daglega til þess að tileinka sér hljóðin og táknið sem við eiga og tengja þau við nöfnin sín. Lögð var áhersla á að börnin tæku þátt eftir fremsta megni og að þau tileinkuðu sér málhljóðin í daglegu starfi.

Veturinn 2020-2021 höfum við hugsað okkur að meta þemavinnuna hjá okkur og þá sérstaklega hvernig hún fer fram, hversu oft og þess háttar.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Stefnt var að því að halda Lubbastundir einu sinni í viku þar sem að hljóð vikunnar var kynnt	Haldnar eru Lubba-stundir einu sinni í viku þar sem farið er eftir	Deildarstjórar bera ábyrgð á að stundirnar séu en allir starfsmenn deildarinnar framkvæma	Í september	Í apríl	Fylgst var með börnunum í gegnum veturinn og því notuð könnun	Fylgst er með hversu vel börnin ná að tileinka sér það sem þau hafa lært



	fyrir börnunum ásamt því að þau læri viðeigandi tákni. Einnig er stefnt að því að börnin læri að vera virkir þátttakendur í stundunum	skipulagi og svo er efni stundanna fléttað inn í daglegt starf á deildinni.	þær í sameiningu				og hversu mikinn áhuga þau hafa á stundunum
Niðurstöður	Það tókst ágætlega að halda Lubba-stundum einu sinni í viku fram að samkomubanni en þá var hópnum skipt í tvennt og því erfiðara að halda þeim	Þegar hægt hefur verið að halda stundirnar hafa þær gengið vel og efnið verið fléttað vel inn í daglegt starf	Vel tókst til við að framkvæma stundirnar og allir starfsmenn deildarinnar tóku þátt í því	Skipulagðar Lubba-stundir hófust í september	Ekki tókst að halda stundirnar út apríl vegna samkomubanns	Í gegnum veturinn var fylgst með því að hversu virk börnin voru í stundunum og hversu vel þau náðu að tileinka sér færnina í daglegu starfi inni á deild.	Börnin voru yfirleitt virk og áhuga-söm í stundunum og voru dugleg að tileinka sér innihald þeirra í daglegu starfi



3 Ytra mat

Brugðist var við ábendingum sem komu þegar lögð var fyrir foreldra barna við leikskólann viðhorfs-könnun veturinn 2018-2019.

4 Stutt greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á liðnu starfsári, 2019-2020 fengu tvö börn stuðnin í 2. Flokki, annað eina klukkustund á dag en hitt tímabundinn stuðning og kom starfsmaður þá inn á deild barnsins. Sérkennslustjóri hélt utan um málörvunarhópa á flestum deildum þar sem unnið var með hlustun, framburð, hljóðgreiningu, orðaforða og skilning.

Sérkennslustjóri lauk við uppsetningu verkferla vegna sérfræðipjónustu og voru þeir settir inn á heimasíðu skólans. Einnig skrifaði hún skólaskilasýrslur og hélt skilafundi með grunnskólum til að mikilvægar upplýsingar kæmust á milli skólastiga.

Í vetur hefur áherslan snúist um að gera úrbætur varðandi tvítyngd börn og búa til samskiptabók og skilgreina betur hvernig hægt er að vinna með tvítyngd börn í leikskólanum eða börn með annað tungumál en íslensku.

Ellefu börn hafa þurft íhlutun og þar af átta fengið eftirfylgd frá sérkennsluráðgjöfum, hegðunarráðgjöfum, talmeinafræðigi og/eða sálfræðingum frá þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Sérkennslustjóri hefur gert einstaklingsáætlun út frá AEPS-listum og í samráði við deildarstjóra, verið tengiliður leikskólans og setið fundi með sérfræðingum og foreldrum. Ellefu börn eru tvítyngd eða með annað móðurmál en íslensku og hafa níu þeirra fengið sérstaka málörvun með áherslu á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu. Orðaforðalisti Menntamálastofnunar (útg. 2017) er hafður til hliðsjónar og til að fylgjast með framförum.

Í leikskólanum fer fram mikil málörvun í deildarstarfinu. Bækur eru hafðar aðgengilegar fyrir börnin og foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín. Bókin *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur er lögð til grundvallar í málörvun og hljóðnámi fyrir öll börnin á leikskólanum sem eflir hljóðkerfisvitund þeirra. Í vetur hefur sú vinna verið skilgreind og skipulögð þá ennþá betur. Í handbók sem fylgir *Hljóðasmiðju Lubba* eru margar hagnýtar leiðir og hugmyndir til þess að vinna með efnið á fjölbreyttan hátt. Sérkennslustjóri hefur unnið að því að gera efnið og fleira ítarefni aðgengilegra fyrir alla deildarstjóra.

Snemmtæk íhlutun í málörvun er mikilvæg svo hægt sé skilgreina vandann og byrja að vinna strax ef málþroskafrávik koma í ljós. Þegar barn byrjar á leikskólanum fylla foreldrar út lista úr



kaflanum *Bjargir* úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja- til þriggja ára barna* ásamt bakgrunnsupplýsingum.

TRAS er lagt fyrir öll börn á leikskólanum. EFl-2 fyrir börn á fjórða aldursári (metum hvaða börn það eru) og Hljóm fyrir þau elstu.

Ef grunur vaknar um frávík reynum við að kortleggja barnið og kanna hvar barnið sker sig úr miðað við jafnaldra, í leiknum, félagslega, mállega o.s.frv. og kanna grunnþekkingu. Ef foreldrar hafa áhyggjur reynum við að finna út hvað það er og sjá hvort það birtist í leikskólanum. Ráðgjöf er fengin um næstu skref á samráðsfundi á þjónustumiðstöð.

Foreldrum er gjarnan bent á námskeið Heilsugæslunnar: *Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar* eða önnur námskeið eða úrræði á vegum þjónustumiðstöðvar. Fundir eru eftir þörfum með foreldrum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennsluráðgjafar veita foreldrum ráðgjöf og stuðning ásamt sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Sérkennslustjóri sækir reglulega samráðsfundi á þjónustumiðstöð, fundi hjá skóla- og frístundasviði, fræðslu sem býðst þar eða á GRR, HTÍ og eftir því sem leikskólastjóri hvetur til.

Sérkennslustjóri á gott samstarf við deildarstjóra og annað starfsfólk leikskólans og miðlar upplýsingum, situr fundi með sérfræðingum eins og hegðunarráðgjöfum eða sérkennsluráðgjöfum, vinnur inni á deildum ýmist í hóp eða með einstaklingum og fylgist með hvernig gengur inni á deildum.

4.1 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í leikskólanum í vetur voru ellefu tvítyngd börn eða með annað móðurmál en íslensku og er sérkennslustjóri tengiliður fjölmennningar.

Hvernig er unnið með fjölmenningarlegt leikskólastarf?

- Sérkennslustjóri hefur sótt námskeið og fundi á vegum Skóla- og frístundasviðs um málefni tvítyngdra barna og barna með annað móðurmál en íslensku og miðlað upplýsingum til leikskólans
- Fánar frá þeim löndum sem börnin koma frá eru í anddyrir leikskólans ásamt kveðjunni „góðan dag“ á viðkomandi tungumálum. Við deildarnar eru fánar og kveðjur á tungumálum barnanna sem þar dvelja. Börnin mega koma með bækur á eigin móðurmáli og foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börnin sín á sínu móðurmáli. Einnig er þeim bent á borgarbókasöfnin og bókasafn norræna hússins þar sem hægt er að fá lánaðar bækur á ýmsum tungumálum.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?

- Markviss málörvun fer fram á deildunum í hópastarfi, samverustundum og samræðum.
- Reynt er að lesa sérstaklega með barninu og orðaforði þannig dýpkaður. Einnig eru hljómfall, leikræn tjáning og myndir notaðar. Kennarar eru hvattir til að nota orð á athafnir og hver kennari hvattur til að tala sérstaklega við barnið daglega (Gefðu 10, 10 mín. reglan sbr. útskýringu á vef Miðju máls og læsis). Níu börn fara í litla málörvunarhópa þar sem unnið er sérstaklega með orðaforða, skilning, hlustun og tjáningu.
- Til að fylgjast með framförum barna er notaður listi úr bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*, úr kaflanum *Bjargir*. Einnig höfum við Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun og hefur hann nýst okkur vel við skráningu á orðaforða. Svo höfum við aðgang að orðaforðagátlistanum Orðaskil.
- Aðaláherslan hefur verið á aukinn orðaforða, skilning og tjáningu en reynt er að huga að öllum þáttum máls.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

- Móttökuáætlun er enn í mótun og erum við að prófa okkur áfram þar. Í vetur höfum við notað myndir markvissara og einnig vísi að samskiptabók til að auðvelda börnum með annað móðurmál en íslensku að gera sig skiljanleg. Byrjað er á að afla nauðsynlegra bakgrunnsupplýsinga og athugað hvort barnið hafi farið í þroskamat á heilsugæslustöð. Einnig höfum við bent foreldrum á brúarsmíði/tvítyngisráðgjafa hjá Miðju máls og læsisþar sem foreldrar geta pantað viðtalstíma á póslí, filippseysku eða ensku og fengið ýmsar upplýsingar um samfélagið og skólaumhverfið. Einnig er verið að vinna að sérstakri samskiptabók fyrir leikskólann en notast hefur verið við *Ljáðu mér orð* sem er aðgengilegt á netinu.
- Foreldrar eru hvattir til að tala sitt móðurmál við barnið. Orðaforðalistar eru fengnir á netinu ef foreldrar tala ekki ensku eða norðurlandtungumál og bent er á ókeypis íslenskukennslu hjá Kristniboðssambandinu, Háaleitisbraut 58-60. Upplýsingabæklingur um leikskólann er til á ensku.
- Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku fer fram á foreldrafundum og er fenginn túlkur ef þurfa þykir.

4.2 Umbótaáætlun sérkennslustjóra

Lokið var við að setja verkferla um sérfræðipjónusu inn á heimasíðu leikskólans í júní 2019. Umbótaþættir sem vinna átti sérstaklega með og meta á starfsárinu 2019-2020 var að setja upp

og ljúka við samskiptabók og skilgreina betur vinnu með tvítyngi og fjölmenningu í leikskólanum. Tímarammi stóðst ekki. Og ljóst er að næsti vetur verður einnig notaður til þess að ljúka við þessi markmið og vinnu.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útbúa samskiptabók og setja upp og skilgreina vinnu með virkt tvítyngi og fjölmenningu í leikskólanum	Að setja upp og ljúka við samskiptabók og skilgreina betur vinnuna með virkt tvítyngi og fjölmenningu í leikskólanum	Safna myndum og semja texta fyrir bókina. Koma með tillögur að vinnu á deildum	Sérkennslu- og stjóri í samráði við leikskólustjóra og deildarstjóra	Haus 2019	Maí 2020	Safna gögnum frá ráðstefnum, fundum sem starfsfólk hefur sótt og af netinu um tvítyngi og fjölmenningu. Koma með tillögur fyrir deildarstjóra	Samskiptabókin verði tilbúin til notkunar og skilgreiningar tilbúna til að vinna eftir á deildum.
		Búið er að finna til mikið af myndum. Litlar myndir á hring. Búið að innleiða <i>Gefðu 10</i> inn á deildar. Kennarar hvattir til að setja orð			Tímarammi stóðst ekki. Stefnir er að því að nota sömu markmið næsta vetur og því verði lokið í maí 2021	Tókst að safna saman gögnum og byrjað er að vinna úr þeim og setja upp.	Covid-19 setti ýmislegt í bið

		á hluti og athafnir					
--	--	------------------------	--	--	--	--	--



5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar til apríl. Leikskólastjórinn hitti alla starfsmenn sem stefndu á áframhaldandi starf í leikskólanum. Þar sem ræddar voru vonir, væntingar og líðan starfsmanna og hvað við gætum gert betur.

Veturinn 2019-2020 sótti starfsfólk Vinagarðs eftirfarandi starfsþróunarfræðslu:

September:

- Sérkennslustjóri og tveir deildarstjórar sóttu námskeið á vegum Málefis um málþroskafrávik, orsakir og afleiðingar, hvernig hægt er að koma til móts við börn með málþroskafrávik

Október:

- Þrír starfsmenn leikskólans sóttu námskeiðið Lubbi finnur málbein
- Tveir deildarstjórar fóru á stærðfræðinámskeið
- Sérkennslustjóri sótti málþing um málþroskaröskun á vegum Málefis
- Deildarstjóri sótti leiðbeinanda- og ráðgjafanámskeiðið Uppeldi sem virkar: Færni til framtíðar
- Sérkennslustjóri sótti fjölmenningsfund: Starf brúarsmiða MML
- Sérkennslustjóri sótti fræðslufund um VB Mapp-listann sem notaður er fyrir börn með þroskahömlun/einhverfu

Nóvember:

- Tveir deildarstjórar sóttu leiðbeinendanámskeið, Uppeldi sem virkar: Færni til framtíðar fyrir leikskóla (starfsfólk)

Desember:

- Sérkennslustjóri sótti fjölmenningsfund, fjármagn vegna barna af erlendum uppruna

Janúar:

- Sérkennslustjóri sótti sérkennslustjórafund MML
- Deildarstjóri sótti samráðsfund MML

Febrúar:

- Deildarstjóri sótti námskeiðið Ung börn og snjalltæki, grunnur að góðri byrjun

Í hverjum mánuði sótti sérkennslustjóri samráðsfundi þjónustumiðstöðvar en í mars setti Covid-19 strik í reikninginn hvað varðar funda- og námskeiðshald og því var ekkert slíkt það sem eftir lifði annar.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu *Farsæl skil leik- og grunnskóla* ásamt Langholtsskóla, Brákarborg, Langholti og Sunnuás.

Markmið samstarfs milli leikskóla og grunnskóla er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningnum milli skólastiganna. Samstarfið hefur jafnan verið gott og samstarfsverkefnum hefur fjölgað og þau breyst með árunum. Að hausti sækir deildarstjóri elstu barnanna sameiginlegan fund með Langholtsskóla og öðrum leikskólum í hverfinu. Þar er dagskrá vetrarins ákveðin.

Nýjungar hafa litið dagsins ljós á leikskólaárinu en þær eru að börnin hittust við þvottalaugarnar í desember. Þar skreyttum við tré, dönsuðum og sungum jólalög saman. Við enduðum samveruna á að setjast í hring með útikerti og sötra kakó og spjalla. Einnig var farið í heimsókn og stutta skoðunarferð um Glæðheima, frístundaheimili Langholtsskóla.

Þar sem Vinagarður er sjálfstætt starfandi leikskóli er hann ekki eiginlegur hverfisleikskóli og börnin koma víðsvegar af höfuðborgarsvæðinu. Auk samstarfs við Langholtsskóla fara börnin í undirbúningsheimsóknir í þá grunnskóla sem þau koma til með að ganga í. Þegar börnin fara yfir í grunnskóla fylgja þeim niðurstöður helstu matslista og prófana. Ef ástæða þykir til, fara deildastjóri og/eða sérkennslustjóri á skilafund með starfsfólki grunnskólans og frístundaheimilis og veita upplýsingar.

7 Foreldrasamvinna

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2020-2021

Haustönn: 4. ágúst og 28.-30. desember

Vorönn: Gert er ráð fyrir að farið verði í starfsþróunarferð til Berlínar vorið 2021 sem ekki tókst að fara í vorið 2020 vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

Á hverju ári stendur KFUM og KFUK fyrir „Verndum þau“ námskeiði í samvinnu við Barnahús, og brunavarnar- og skyndihjálpar námskeiði í samvinnu við Rauðakrossinn sem starfsfólki félagsins er skylt að sækja annað hvert ár. Öllu starfsfólki gefst kostur á að sækja þær málstofur sem tengjast þeirra



áhugasviði á Menntakviku. Stefnt að því að allir starfsmenn sæki ráðstefnu SSSK. Leikskólastjórinn mun sækja Global Leadership Summit leiðtoga ráðstefnuna í október. Einn starfsmaður leikskólans hefur stundað nám við sérkennslufræði undanfarinn vetur og mun hefja nám í kennsluréttindum næstkomandi haust.

9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Starfsáætlun 2020 – 2021
Vinagarður, leikskóli KFUM & KFUK

Umsögn foreldraráðs

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Það er mat foreldraráðsins að starfsáætlun sé metnaðarfull, ítarleg og vönduð. Vinagarður hefur á að skipa góðum hópi starfsmanna og færum hópi stjórnenda sem skilar sér í fyrirmyndar starfi þar sem velferð barnanna er ávallt höfð að leiðarljósi. Starfið er virkilega metnaðarfullt og fjölbreytt og er nærumhverfi leikskólans vel nýtt, sbr. tíðar heimsóknir í TBR, gott samstarf við Langholtsskóla, Áskirkju sem og tíðar heimsóknir í Laugardalinn sem styðja einmitt vel við áherslur leikskólans um að börnin læri um náttúruna. Þá er sérstaklega ánægjulegt hversu vel er hlúð að tónlistarkennslu í skólastarfinu enda ekki allir leikskólar sem státa af tónlistarkennara á meðal starfsfólks.

Á Vinagarði er starfsandi með eindæmum góður sem skilar sér í ánægðum börnum og foreldrum, enda er frábært samstarf á milli leikskólans og foreldrafélags. Það ríkir gagnkvæm virðing og traust starfsmanna, foreldra og barna. Starfsmenn fjölmenna á viðburði á vegum foreldrafélagsins, utan vinnutíma, sem er einstakt. Vormisserið 2020 reyndi óvenjumikið á starfsmenn leikskólans vegna Covid-19 farsóttarinnar sem kallaði á breytt skipulag en stjórnendur og starfsfólk eiga hrós skilið fyrir fumlaus og góð vinnubrögð.

Að mati foreldraráðsins eru stjórnendur leikskólans afar hæfir sem og starfsmenn sem skilar sér í öflugu og metnaðarfullu starfi. Starfsáætlun e vel unnin og lýsir vel því starfi sem framundan er.

f.h. foreldraráðs,

Sigríður Sigurðardóttir.